


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sambýkkt: HJS		
Síða 1 af 3	<b>MYL3036</b>	
	<b>Kennsluáætlun</b>	
	<b>Haustönn 2011</b>	

<b>Kennarar</b>	Borghildur Ína Sölvadóttir (BÍN), <a href="mailto:ina@vma.is">ina@vma.is</a> Hallgrímur St. Ingólfsson (HGÍ), <a href="mailto:hallgrimur@vma.is">hallgrimur@vma.is</a>
-----------------	---

### Áfangalýsing:

Nemendur vinna með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, ljós og skugga auk annarra hugtaka sem tengjast höggmyndum/skúlptúrum. Nemendur skoða hvernig hægt er að útfæra tvívídd í þrívídd. Þeir læra hvernig nýta má margskonar efnivið til útfærslu á þrívíðum verkum s.s. pappa, pappír, hænsnanet, múrnet, vír, pappamassa o.fl. Unnið verður markvisst með skissubók/dagbók þar sem kveikjur, hugmyndir, þróunarferli o.fl. koma fram með skýrum hætti í formi teikninga, ljósmynda og greinargóðs texta. Nemendur fá einnig að kynnast verkum listamanna sem vinna með þrívídd, bæði innlendra og erlendra auk þess að skoða og fjalla um verk í nærumhverfi sínu.


### Markmiðið er að nemendur:

- hafi kynnst ýmsum efnivið sem nýta má við útfærslu þrívíðra verka
- geti komið tvívíðri hugmynd yfir í þrívídd
- hafi gert tilraunir með þrívíð from
- þekki til verka innlendra og erlendra myndhöggvara/skúlptúrista/rýmislistamanna
- hafi unnið þrívítt verk sem búið er að ákvarða rými utan um
- hafi skoðað þrívíð verk í nærumhverfi sínu

### Námsgögn:

Nemendur þurfa að kaupa A4 skissubók/dagbók eða einhverskonar möppu í stærð A4 til að halda utan um skissur/hugmyndir/tilraunir.

Ítarefni frá kennara s.s. listaverkabækur og -blöð, ljósmyndir o.fl.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sambýkkt: HJS		
Síða 2 af 3	<b>MYL3036</b> <b>Kennsluáætlun</b> <b>Haustönn 2011</b>	

### Áætlun um yfirferð:

<b>1. lota</b>	Kynning á áfanganum Rannsóknarverkefni Heimsóknir til listamanna Tilraunir með grunnform
<b>2. lota</b>	Taktur (Rybmi) Lágmynd unnin úr pappa
<b>3. lota</b>	Sjávarlífvera Lífrænn skúlptúr unninn inn í rými

### Námsmat og vægi námsþátta:


Áfanginn er próflaus, símatsáfangi og þess vegna er 100% mætingar krafist af nemendum. Nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum og/eða tilraunum og skissubókinni/dagbókinni sem þeir hafa haldið í áfanganum.

Vægi einstakra þátta er sem hér segir:

<b>Verkefni 1. lotu gilda 20%</b> Kynning á rannsókn (5%) Hugleiðingar eftir heimsóknir til listamanna(5%) Tilraunir með grunnform (10%)
<b>Verkefni 2. lotu gilda 30%</b> Lágmynd unnin úr pappa
<b>Verkefni 3. lotu gilda 30%</b> Lífrænn skúlptúr unninn inn í rými
Skissubók gildir 10%
Mæting, ástundun, umgengni, framfarir og vinnusemi gildir 10%

Með fyrirvara um breytingar.

### Dagsetning:

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	<b>MYL3036</b> <b>Kennsluáætlun</b> <b>Haustönn 2011</b>	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils